# Munið! Munið!

***Laugardagur 13.4.:***
***Kökubasar:***
- *í Miklagarði í Garðabæ kl. 11-14*
- *á kosningaskrifstofunni,Hamraborg 1-3 Kóp. kl. 11-17.*

***Vöfflukaffi og spjall:***
- *á kosningaskrifstofunni,Hamraborg kl. 15-17.*

***Mánudagur 15.4.:***
- ***Opinn fundur um fjölskyldu- og launamál í A.Hansen húsinu í Hafnarfirði kl. 2030.***

***Laugardagur 20.4.:***
- ***Kosningaskrifstofan opin frá kl. 10.***

***Kosningaskrifstofan er opin alla daga frá kl. 9-18.***
***- Heitt á könnunni og allir velkomnir. -***

*HAGSMUNIR HVERRA? - KARLA OG KVENNA*

*Því er oft haldið fram að kvennapólitík nýtist ekki körlum, jafnvel að henni sé sérstaklega stefnt gegn þeim. Hver sá sem gefur sér tóm til að skoða og íhuga stefnu okkar og þingmál mun sannfærast um hversu fáránlegar slíkar staðhæfingar eru. Konum er ekki stefnt gegn körlum. Að halda slíku fram er fásinna.*

- *Vilja karlar **ekki** bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og njóta samvista við þau?*
- *Vilja karlar **ekki** bera ábyrgð á heimilishaldi?*
- *Vilja karlar **ekki** að kynin standi jafnfætis hvað varðar kaup og kjör?*
- *Vilja karlar **ekki** styðja atvinnustefnu sem hefur annað en græðgi og stundarhagsmuni að leiðarljósi?*

X V

1991

# NÚ ER DÖMUFRÍ -
# ÞITT ER AÐ VELJA

***1980-1990 ruddum við brautina fyrir:***
- *Fjölskyldumál*
- *Umhverfismál*
- *Umræðu um ofbeldi*
- *Friðarmál*
- *Byggðakvóta*
- *Nýsköpun í atvinnulífi*
- *Kvenfrelsi*

***1990-2000 höldum við áfram með:***
- *Launamálin*
- *Réttindamál fjölskyldunnar*
- *Barnaverndarmálin*
- *Umhverfismálin*
- *Atvinnumál kvenna*
- *Friðarbaráttuna*
- *Kvenfrelsið*



Kvenna listinn

X V



# V erum við

**VEISTU?**

- *að Kvennalistinn fór ekki í stjórn vorið 1987 því ekki var gengið að skilyrði kvennalistakvenna að lögbinda lágmarkslaun 40.000 kr.. Samsvarandi upphæð vorið 1990 var 73.000 kr.*

**VEISTU?**

- *að vorið 1990 fengu afgreiðslukonur að meðaltali 55.000 kr. á mánuði fyrir dagvinnu en afgreiðslukarlar 74.000 kr..*

**TELUR ÞÚ?**

- *að karlar afgreiði betur en konur og fái* ***þess vegna*** *19.000 krónum hærri laun.*

**VEISTU?**

- *að það eru konur sem raðast í lægstu launaflokkana.*
- ***AÐ SVONA VERÐUR ÁSTANDIÐ ÞAR TIL VIÐ KONUR BREYTUM ÞVÍ.***



**VEISTU?**

- *að Kvennalistinn lagði fram frumvarp um [illegible]jan fiskveiðikvóta.*

**VIÐ VILJUM:**

- *að 80% heildarafla verði úthlutað til byggðalaga.*
- *að 20% heildarafla renni í veiðileyfasjóð.*
- *að rofið verði samband skips við kvóta.*

**þú getur haft áhrif ~**
**farðu vel með atkvæði þitt**





## UMHVERFISMÁL

*Kvennalistinn hafnar byggingu álvers af eftirtöldum ástæðum.*

- *Dýrmætasta auðlind okkar er hrein og óspillt náttúra.*
- *Brennisteinsdíoxíðmengun í andrúmsloftinu mun aukast um 50%.*
- *Álnotkun fer væntanlega minnkandi vegna samdráttar í vopnaframleiðslu, minnkandi notkunar áls í umbúðir og vegna sjúkdómshættu og það mun leiða til lækkandi álverðs.*
- *Dregið verður úr öðrum framkvæmdum hins opinbera til að forðast þenslu og mun það ekki síst bitna á landsbyggðinni.*
- *Erlendar skuldir þjóðarinnar, vegna virkjana, munu stóraukast og vextir hækka.*

**Kvennalistinn hefur flutt tillögur og frumvörp á Alþingi um:**

- *Lengingu fæðingaorlofs í 9 mán..*
- *[illegible]eyrisréttindi heimavinnandi.*
- *Úrbætur í ferðaþjónustu.*
- *Um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum.*
- *Einnota umbúðir.*
- *Endurvinnslu úrgangsefna.*
- *Umhverfisfræðslu.*
- *Umhverfisráðuneyti.*
- *Verndun vatnsbóla.*
- *Orkustefnu sem tekur tillit til umhverfis.*
- *Framleiðslu vetnis.*

*ERTU SÁTT VIÐ?*

**Aðild að EB eða evrópsku efnahagssvæði:**

- *Ef hún kostar óheftan aðgang erlendra þjóða að fiskimiðum okkar?*
- *Ef hún þýðir að lög EB verði æðri okkar lögum?*
- *Ef sameiginlegur vinnumarkaður á evrópsku efnahagssvæði merkir að karlar flakki milli landa eftir hentugleikum vinnuveitenda en konur sitji eftir með börnin?*
- *Ef hún merkir að slegið verði af kröfum um hollustuvernd og mengunarvarnir?*